

## Fyrirspurn

til menningar- og viðskiptaráðherra um skýrslu starfshóps.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

- Hverjar voru niðurstöður skýrslu starfshóps, sem ráðherra skipaði í ágúst 2022, er skilaði skýrslu til ráðherra í apríl 2023 og var falið að skoða leiðir til að skapa eftirliti samkeppnis- og neytendamála nýja stjórnsýslulega stöðu innan stofnanakerfis ríkisins?
- Hvers vegna hefur skýrsla starfshópsins ekki verið birt opinberlega?
- Hvenær á að birta skýrslu starfshópsins?

Skriflegt svar óskast.